

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Hvoli, þriðjudaginn 1. september 1998, kl. 14:00

Formaður stjórnar setti fundinn og gerði tillögu um að Ágúst Ingi Ólafsson yrði fundarstjóri og fundaritari yrði Grétar Zophaníasson.

Dagská:

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningur.

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastóri Sorpstöðvarinnar, flutti skýrslu stjórnar, þar kom meðal annars fram að frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 11 stjórnarfundir. Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru fjórtán og hefur fækkað um fjóra frá síðasta aðalfundi vegna sameiningar sveitarfélaga.

Eigið fé Sorpstöðvarinnar er um 50 mkr. og hefur vaxið um 116% síðustu 3 ár. Gjaldská hefur verið óbreytt frá árunum 1996-1997 og leggur stjórnin til að fundurinn samþykki gjaldskrána óbreytta.

Innvegið magn sorps til stöðvarinnar nam á árinu 1997, 23.000 tonnum. Veruleg magnaukning af sorpi hefur verið hjá sveitarfélögum eða um 20% en um 10% minnkun af sláturúrgangi og aðfluttu sorpi gámafyrirtækja.

Ný urðunarrein er að verða tilbúin en hún mun endast fram á mitt ár 2000.

Heildarkostnaður tæpar 10 milljónir króna. Tveir fastráðnir starfsmenn vinna á urðunarsvæðinu auk þess hefur umhverfisfræðingur unnið að ráðgjafar- og kynningarstörfum. Nýtt starfsleyfi er að líta dagsins ljós. Ekki er fulljóst hvenær gildistaka verður þar sem tvær kærur bærust vegna útgáfu starfsleyfis. Umhverfisráðherra mun úrskurða í málinu innan tíðar.

Söfnun dagblaða- og tímaritapappírs hefur gengið allvel og nam söfnun ársins 1997 uum 130 tonnum.

Endurvinnsla á pappír hófst hjá fyrirtækinu Husl á Selfossi á árinu, Sorpstöð Suðurlands aðstoðaði fyrirtækið með ráðgjöf.

Fyrir dyrum stendur að stofna fyrirtæki til endurvinnslu á pappír sem aðallega mun framleiða eggjabakka.

Sorpstöðin mun leggja hlutafé í fyrirtækið.

Unnið er að undirbúningi að kjötmjölsverksmiðju sem Sorpstöðin er aðili að og lagt er til að Sorpstöðin eigi 20% í fyrirtækinu.

Sorpstöð Suðurlands hefur unnið að bættri sorphirðu og sorpförgun meðal annars með kynningarritum sem dreift hefur verið á svæði Sorpstöðvarinnar. Einnig hefur Sorpstöðin komið upp heimasíðu á Interneti þar sem starfsemi er kynnt.

Fram kemur að kveðinn hefur verið upp dómur í Héraðsdómi Suðurlands í máli Auðsholtsbænda á hendur Sorpstöðvar Suðurlands heildarupphæð skaðabóta með vöxtum og málskostnaði eru um 19.5 mkr. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um áfrýjun.

Einnig er í skýrslu rætt um ágreining hreppsnefndar Ölfushrepps og stjórnar Sorpstöðvarinnar en báðir aðilar hafa skipað í gerðardóm sbr. samþykkt framhaldsaðalfundar.

Reikningar Sorpstöðvar Suðurlands.

Ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands er settur upp og áritaður af Bjarna Jónssyni, löggiltum endurskoðanda. Kjörnir skoðunarmenn þeir Magnús K. Hannesson og Bjarki Reynisson hafa yfirfarið reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur.

Tekjur, sorpgjöld	43.5 mkr.
Rekstrargjald	29.9 mkr.
Rekstrarhagn. án fjárm.gj.	13.6 mkr.
Fjármagnslið.	- 2.9 mkr.
Rekstrarhagn. netto	10.617.614.-

Eigið fé	101 mkr.
skuldir samt.	52.8 mkr.

Reikningurinn samþykktur samhljóða.

Umræður

Sigurður Þráinsson, Ölfushreppi.

Ræddi um forsögu deilna Ölfushrepps og stjórnar Sorpstöðvarinnar.

Fram kom hjá Sigurði að hreppsnefnd Ölfushrepps er sama sinnis hvað varðar stórfelldan aðflutning sorps af Faxaflóasvæðinu að Kirkjuferjuháleigu og íbúar sveitarfélagsins standi þétt að baki hreppsnefndar.

Einnig er það krafa þeirra að Ölfusingar komi að eftirliti í Kirkjuferjuháleigu þrátt fyrir breytta skipan heilbrigðisnefndar.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Ræddi um yfirlýsingu stjórnar frá 6. maí 1993 um að heilbrigðisnefnd Ölfushrepps hefði formlegt eftirlit á urðunarsvæðinu en frá 1. sept. 1998 verður skipuð ein heilbrigðisnefnd fyrir Suðurland. Einnig ræddi Guðmundur um vinnu sem unnin var milli aðalfunda af stjórn Sorpstöðvar og oddvita Ölfushrepps til lausnar á deilumálum þeirra en ekki næðist niðurstaða í málinu.

Karl Björnsson.

Ræddi um aðflutninga á sorpi og tekjur af því, einnig um væntanleg útgjöld vegna skaðabóta til Auðsholtsbænda. Kostnað og tekjutap Sorpstöðvarinnar vegna stofnunar kjötmjölsverksmiðju. Karl lagði fram tvær tillögur svohljóðandi:

1. tillaga.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir að heimila stjórn að ráða Guðmund Tr. Ólafsson til áframhaldandi ráðgjafastarfa fyrir Sorpstöðina og aðildarsveitarfélög þess til allt að eins árs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. tillaga.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands 1998 felur stjórn að meta í samráði við lögmann hvort rétt þyki að áfrýja nýföllum dómi undirréttar í máli eigenda Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands. Einnig heimilar aðalfundurinn stjórn að taka lán á þessu ári vegna skaðabóta sem fyrirtækið þarf að greiða verði niðurstaðan sú að hlíta dómi undirréttar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Bjarni Einarsson.

Ræddi um ágreiningsmál milli Sorpstöðvarinnar og Ölfushrepps og hvatti nýja stjórn til að reyna til þrautar að finna lausn á deilumálum.

Loftur Þorsteinsson.

Tók undir orð Bjarna um deilumálið.

Einnig ræddi Loftur um starfsemina á urðunarstað og óskaði eftir úrbótum á nokkrum minniháttar atriðum.

Þorvarður Hjaltason.

Ræddi um starfsemi stöðvarinnar og annmarka á losun sorps í hvössum veðrum.

Einnig sagði hann frá yfirbreiðslu til að hefta fok.

2. Ákvörðun gjaldskrár.

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands 1998 staðfestir núgildandi gjaldskrá fyrirtækisins en heimilar stjórn að endurskoða hana ef rík ástæða þykir til.

Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Fulltrúar Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

3. Fjárhagsáætlun.

Þorvarður gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Sorpstöðina fyrir árið 1998.

Rekstrartekjur: 40.5 mkr.

Rekstrargjöld:

Laun, ráðgjöf og launat.gj. 5.25 mkr.

Önnur rekstrargj. 24.974 mkr.

tekjuafg. 10.275 mkr.

afb. lána 6.600 mkr.

Fjárhagsáætlunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, fulltrúar Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar sátu hjá.

4. Tillaga um skipan stjórnar.

Aðalmenn: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Sesselja Jónsdóttir.

Varamenn: Einar Mathiesen, Ágúst I. Ólafsson og Bjarni Einarsson.

Skoðunarmenn: Bjarki Reynisson og Loftur Þorsteinsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

- 5.a.** Þorvarður ræddi um stöðu mála varðandi undirbúning að stofnun kjötmjölsverksmiðju.

Karl Björnsson lagði fram eftirfarandi tillögu í nafni stjórnar.

“Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands 1998 samþykkir að fela stjórn fyrirtækisins að kaupa allt að 20% hlutafjár í fyrirhugaðri kjötmjölsverksmiðju á Suðurlandi í samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir.”

Tillaga um hlutafjárkaup í kjötmjölsverksmiðju samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu, fulltrúi Ölfushrepps greiddi atkvæði á móti, fulltrúi Hveragerðisbæjar sat hjá.

- 5.b.** Sigurður Þráinsson lagði fram tillögu um frestun á vinnu gerðardóms í deilumáli Ölfushrepps og Sorpstöðvarinnar; sem samþykkt var á framhaldsaðalfundi þann 6. febr. 1998.

Eftir miklar umræður var eftirfarandi tillaga, sem Sigurður Þráinsson flutti, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

“Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á Hvolsvelli 1. september 1998, felur nýkjörinni stjórn að fresta þeirri gerðardómsvinnu sem samþykkt var á aukaðalfundi 6. febr. 1998.

Fundurinn beinir því jafnframt til stjórnarinnar að hún leiti samkomulags í deilumáli stjórnar Sorpstöðvarinnar og Ölfushrepps og byggi þá vinnu á þeim drögum sáttanefndar sem kynnt var á fundinum.

Jafnskjótt og samkomulag liggur fyrir skal boðað til fundar í byggðasamlaginu.”

Fleiri mál komu ekki fram.

Fundi slitið kl. 16:30.

Grétar Zophaníasson,
fundarritari.

Ágúst Ingi Ólafsson,
fundarstjóri.